















## „Steingervingar 2“

Staðsetning: Þessi verk eru hugsuð fyrir Vörputorg en gætu líka dreifst á aðra þemavelli og andrými.

Mikilvægt er fyrir nýtt hverfi að eiga sér sögu, þannig að íbúar finni að eitthvað merkilegt sé við hverfið þeirra þar sem nýtt og gamalt blandast saman. Við Vogahverfi er að finna eitt af sex friðlýstum svæðum í Reykjavík, Háubakka í Elliðavogi, sem voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1983. Náttúruvætti er einn flokkur friðlýstra náttúruminja og eru skilgreind sem einstök náttúruframbærir, jarðmyndanir eða lífræn fyrirbærir, sem skera sig úr umhverfinu og er ástæða til að varðveita vegna fegurðar, fágætis, stöðu í landslagi, vísindalegs gildis eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Setlögin í Háubökkum tilheyra svokölluðum Elliðavogslögum sem mynduðust á löngu tímabili sem hófst fyrir meira en 300 þúsund árum og varði í a.m.k. 100 þúsund ár.

Í Háubökkum hafa meðal annars fundist steingervingar af skeljum og kuðungum. Þar á meðal eru kúfskel, halloka, gljáhnytla, raftaskel og krókskel. Ég hef búið til fjóra skúlptúra þar sem ég reyni að líkja eftir steingervingum sem fundist hafa í Háubökkum og varðveittir eru af Náttúrufræðistofnun Íslands. Þetta eru 300 þúsund ára gamlir steingervingar og finnst mér afar áhugavert að láta þá kallast á við umhverfið þar sem þeir fundust.

Listaverkin:

Skúlptúrararnir sem verða staðsettir á Vörputorgi eru fjórir talsins. Ég hef búið til skúlptúra þar sem ég reyni að líkja eftir steingervingum sem fundist hafa í Háubökkum og varðveittir eru á Náttúrufræðistofnun.

Verk nr. 1 er súla sem vísar í borkjarna frá Elliðavogssetlögum sem var boraður 1972. Hann er merktur *Artica sp.* sem er kúfskel og *Gastropoda sp.* sem er óskilgreindur kuðungur; þess er getið að þetta sé slitsteinn (leirsteinn) úr Elliðavogssetlögum. Þetta verk er áætlað 5 m á hæð og 1.5 m í ummál; það verður úr íslensku grágrýti og skeljarnar, sem verða steiptar inn í kjarnann, verða úr ljósum marmara.



Borkjarni frá 1972, þverskurður af kúfskel sést og til hægri lítill kuðungur.

Verk nr. 2 er útfærsla af kúfskel. Verkið er 4 x 4 x 2 m að stærð og gert úr marmara eða graníti, þar sem bæði ljósi liturinn og sá dökki, sem einkennir kúfskel, sjást. Kúfskelin er ótrúlega merkileg skel, þar sem hún er elsta lifandi skepna sem fundist hefur í heiminum; kúfskel sem fannst við Grímsey í júní árið 2006 er talin hafa verið 507 ára þegar hún veiddist. Aldursákvörðun er möguleg vegna þess að skelin myndar áhringi, eins og trén. Einnig hefur

komið í ljós að kúskeljaransóknir geta gefið jafn-verðmætar upplýsingar um heimshöfin og rannsóknir á áhringjum trjáa og borkjarnar úr jöklum geta gefið um loftslagssöguna.

Kúskelin sem sem fannst var þess vegna á sínu bernskuskeiði um það leyti sem Tyrkjaránið varð á Íslandi (1627) og þegar William Shakespeare var að skrifa Hamlet og Makbeð á Englandi.



Kúfkel (Kúskel) (*Arctica Islandica*)